

Skýrsla formanns 2015-2016

Ný stjórn og Myrkir músíkdagar

Ný stjórn tók við hjá Tónskáldafélagi Íslands frá og með 13. júní árið 2015 og því hefur hún í dag aðeins starfað í rúma 10 mánuði. Stjórnin tók strax til starfa og megináhersla frá fyrsta degi var á skipulagningu Myrkra músíkdaga 2016. Áður en ný stjórn tók við hafði verið gengið frá samningum við nokkra aðila um að koma fram á hátíðinni. Stjórn ákvað, þrátt fyrir að geta ekki gefið langan umsóknarfrest, að auglýsa eftir umsóknum meðal tónskálda og flytjenda um tillögur að viðburðum eða efni til flutnings til að fylla dagskrána. Þó nokkur fjöldi umsókna barst og ákveðið var að setja saman þetta og fjölbreytta dagskrá og dreifa á þrjá daga. Hátíðin fór síðan fram 28.-30. janúar s.l. og fékk töluverða fjölmiðlaumfjöllun, bæði til kynningar fyrirfram en einnig efnislega umfjöllun og gagnrýni eftir hátíð, í íslenskum og erlendum fjölmiðlum. Af erlendum fjölmiðlum sem fjölluðu ítarlega um hátíðina má nefna Magma/Nordic Playlist, Nutida Musik og I care if you listen auk þess sem stutt umfjöllun birtist einnig í Neue Zeitschrift für Musik. Íslenskir fjölmiðlar gáfu hátíðinni töluvert pláss, en fjallað var um hana m.a. í Grapevine, Fréttablaðinu, Morgunblaðinu og með ýmsum hætti í Ríkisútvarpinu, t.a.m. í sjónvarpsfréttum á opnunardeg. Þá var ítarleg umfjöllun um hátíðina eftir Ingibjörgu Eyþórsdóttur í Þráðum, nýju vefþímariti um tónlist, sem kom í fyrsta skipti út í febrúar á þessu ári á vegum Listaháskóla Íslands. Tengla á megnið af fjölmiðlaumfjölluninni má finna á facebook síðu Myrkra músíkdaga. Aðsókn á hátíðina fór fram úr björtustu vonum og jukust tekjur hátíðarinnar alls um 50% frá því í fyrra.

Hvað rekstrarform Myrkra músíkdaga varðar, þá var samþykkt á síðasta aðalfundi að stofna einkahlutafélag utan um hátíðina í eigu Tónskáldafélagsins. Stjórn Tónskáldafélagsins mun eftir sem áður vera stjórn Myrkra músíkdaga og engir aðrir eiga þar sæti. Þetta ferli er núna á lokametrunum hjá Ríkisskattstjóra og verða Myrkir músíkdagar 2017 reknir með því formi. Á næsta aðalfundi munum við því sjá sér ársreikninga lagða fram fyrir hátíðina og sér fyrir Tónskáldafélagið.

Baráttumál

Eitt fyrsta baráttumál nýs formanns varðaði nýjan hljóðritasjóð sem settur hefur verið á fjárlög fyrir þetta ár. Það mál kom upp á stjórnarfundum hjá STEFi í ágúst sl. að starfshópurinn sem sá um stefnumótun fyrir hljóðritasjóðinn, hafði hvorki haft samráð við TÍ né FÍT um að koma að vinnunni og í ofanálag átti sjóðurinn aðeins að þjóna hryntónlist. Veita átti 35 milljónum til sjóðsins á ári næstu þrjú fjárlagaár, svo heildarfjármagn átti að vera rúmlega 100 milljónir á ári til framtíðar með tilliti til vísitölubreytinga. Það var því ljóst að um stórt hagsmunamál var að ræða. Formenn FÍT og TÍ skrifuðu bréf til starfshópsins eftir að hafa átt samtalið við fulltrúa FÍH og STEFs innan starfshópsins, sem síðan báru erindið fram á fundi. Það náðist í gegn með stuðningi FÍH, STEFs og SFH að sjóðurinn næði til hljóðritunar á nýrri íslenskri tónlist í stað þess að hann næði aðeins til hljóðritunar á nýrri íslenskri hryntónlist. Það er þó full ástæða til að fylgjast með framgöngu þessa máls, þ.e.a.s. hvernig úthlutunarmál munu þróast. Reglur um hljóðritunarsjóðinn má finna á vef Mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Á vettvangi BÍL hef ég sem formaður TÍ meðal annars haft frumkvæði að því að teknar yrðu til umræðu reglugerðarbreytingar um ráðningar í akademísk störf við Listaháskóla Íslands og var Fríðu Björk Ingvarsdóttur, rektor Listaháskólans, boðið á

stjórnarfund BÍL í desember til að svara spurningum stjórnarmanna. Ýmsar athugasemdir voru gerðar og var niðurstaðan sú að samtal milli stjórnar BÍL og rektors LHÍ væri mjög mikilvægt og rektor yrði hér eftir boðaður árlega á fundi stjórnarinnar til umræðna um reglur og verklag innan skólans.

Árvisst fjaðrafok varð síðan í þjóðfélagsumræðunni í janúar í tengslum við úthlutun starfslauna listamanna. Í ár beindist umræðan að hluta til að því að efast var um að faglega væri staðið að úthlutun starfslauna vegna þess að stjórnarmeðlimir í Rithöfundasambandi Íslands fengu allir úthlutað 12 mánuðum. Til að bregðast við þessu átti ég frumkvæði að því, í samvinnu við Kristínu Helgu Gunnarsdóttur, formann Rithöfundasambands Íslands, að skipaður yrði óháður starfshópur á vegum BÍL sem færi yfir verklag við úthlutun starfslauna, því gríðarlega mikilvægt er að úthlutunin sé hafin yfir tortryggni af þessu tagi. Nóg er úlfúðin samt í garð starfslaunanna. Fagleg vinnubrögð við úthlutun verða því að vera hafin yfir vafa. Starfshópurinn, sem skipaður var Birnu Þórðardóttur, Margréti Bóasdóttur og Rúnari Helga Vignissyni, sem öll þekkja vel til starfslaunakerfisins án þess að vera starfslaunaþegar, skilaði af sér skýrslu sem kynnt var á aðalfundi BÍL í febrúar sl. Þar voru birtar tillögur um valkosti sem fagfélögin hefðu til að tryggja enn frekar armslengd milli stjórnarmanna fagfélaganna og úthlutunarnefndanna. Auk þess var lagt til að fagfélögin settu sér siðareglur um hvernig staðið væri að skipun í úthlutunarnefndir til að auka á gagnsæi. Þrátt fyrir þessar breytingartillögur mat hópurinn það svo að ekkert ámælisvert væri að finna við núverandi verklag fagfélaganna, en farið var yfir verklag hvers fagfélags fyrir sig. Félagin hefðu öll farið að lögum. Úthlutunarnefndir starfa undir og á ábyrgð stjórnar Starfslauna listamanna og ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu að stjórnarfólk í fagfélögunum sæktu um starfslaun eins og aðrir. Var það mat mitt að viðbrögð BÍL í þessu máli hafi verið til fyrirmyndar og sýni með skýrum hætti mikilvægi öflugssamstarfsvettvangs fagfélaga listamanna. Starfslaunin eru eitt stærsta sameiginlega hagsmunamál okkar og mikilvægt að standa vörð um þau, ekki síst með þeim hætti að tryggja fagmennsku og gagnsæi við úthlutun. Það er m.a. grundvöllur þess að hægt sé að berjast fyrir stækkun starfslaunasjóðanna. Umræðan um stækkun starfslaunasjóðanna er einnig öflug innan BÍL og var tekin fyrir á fundi með stjórninni og Illuga Gunnarssyni, menntamálaráðherra, nú á dögunum. Þegar kemur að stækkun starfslaunasjóðanna berst BÍL fyrir því annars vegar að mannmánuðum verði fjölgað og hins vegar að mánaðarlegar greiðslur verði hækkðar.

Þá hefur BÍL einnig ályktað um svokallaða skúffusjóði ráðuneytanna, en þar er fjármagni veitt til menningarverkefna af handahófi, án þess að sótt sé um það og var það mál einnig tekið til umræðu. Það var þó ekki að heyra á menntamálaráðherra að hann væri mótfallin útdeilingu slíks skúffufjármagns og er það mjög miður að mínu mati.

STEF

Á vegum STEFs átti ég ásamt Óttarri Proppé, fulltrúa utanfélagsmanna í stjórn STEFs, frumkvæði að því að settar yrðu reglur um beinar styrkveitingar stjórnarinnar sem ekki heyra undir styrktarsjóði STEFs. Stjórnin hafði fram að því veitt styrki til ákveðinna verkefna sem ekki féllu undir starfsemi styrktarsjóðanna. Á árinu 2015 höfðu þessir styrkir skyndilega og fordæmalaust aukist verulega og erfitt að sjá að sum þeirra verkefna sem styrkt höfðu verið það sem af var ári 2015 þegar núverandi formaður kom inn í stjórnina, samræmdust markmiðum STEFs. Þetta var því orðinn hálfgerður skúffusjóður, sbr. skúffusjóði ráðuneytanna. Ég gerði strax alvarlegar

athugasemdir við meðferð þessa styrktarfjár, t.d. var einum stjórnarmanna í ákveðnu tilviki ekki gert að víkja af fundi þegar styrkumsókn fyrir verkefni sem varðaði hann beint var tekið til afgreiðslu og varðaði auk þess verulega fjárhæð. Styrkumsóknir sem lagðar voru fyrir stjórn voru auk þess almennt hroðvirknislega unnar og ýmsu öðru áfátt þegar kom að úthlutun þessa fjármagns. Ég skilaði því, ásamt Óttarri, tillögum að nýjum reglum um meðferð styrktarfjár stjórnar STEFs í þessum mánuði og verða þær lagðar fyrir stjórn 6. maí n.k.

SÍ, RÚV o.fl.

Varðandi Sinfóníuhljómsveit Íslands og hennar skyldur þegar kemur að flutningi samtímatónlistar hef ég átt fund við stjórnarmann og einnig farið fram á fund við stjórnarformann hljómsveitarinnar ásamt framkvæmdastjóra. Að auki hef ég fundað með Árna Heimi Ingólfssyni og Daníel Bjarnasyni um leiðir til að auka hlut samtímatónlistar á efnisskránni. Í þessum viðræðum er m.a. horft til þess að nú í ár var tónlistarhátíðin Tectonics haldin í síðasta sinn. Rætt var um hvað hljómsveitin getur gert á vettvangi samtímatónlistar í staðinn. Einnig held ég því á lofti að fjármagn til SÍ á fjárlögum nú í ár jókst töluvert umfram vísitöluhækkun, svo sjálfsagt er að gera þá kröfu að hluti þessa fjármagns renni til þess að greiða fyrir flutningi samtímatónlistar. SÍ heldur því fram að svo stöddu að þetta sé leiðrétting frá síðustu árum og leggi henni ekki neinar viðbótarskyldur á herðar, svo þessum viðræðum verður haldið áfram.

Þá hefur einnig verið tekið til umræðu að TÍ fái aftur fulltrúa í verkefnavalsnefnd og það mál benti ég einnig á í samtali við menntamálaráðherra nú á dögnum. Ég tel að til þess að þetta leiðrættist til framtíðar sé farsælast að það sé tiltekið í lögum um SÍ. Að mínu mati ætti að vera bundið í lög að TÍ ætti fulltrúa innan verkefnavalsnefndarinnar.

Þetta mál rímar við það sem einna mest hefur verið rætt innan Norræna tónskáldaráðsins síðan ég tók við formennsku í TÍ, en það er hvernig hægt er að fá þær stofnanir sem reknar eru fyrir opinbert fé til að starfa að flutningi samtímatónlistar og ekki síst viðurkenna skyldur sínar hvað þetta efni varðar. Þessi barátta er því háð á öllum Norðurlöndunum og vel hefur gagnast að skiptast á upplýsingum um stöðu mála í hverju landi fyrir sig innan ráðsins.

Nú á vormánuðum var óskað var eftir því að Tónskáldafélag Íslands tilnefndi fulltrúa í Bakland LHÍ sem verið var að endurvekja, en það hafði ekki verið starfandi um árabíl. Stjórnin tilnefndi Gunnar Andreas Kristinsson og er starfsemi Baklandsins þegar hafin.

Þá sat ég fund með útvarpsstjóra og stjórn BÍL á dögnum og kom þar á framfæri ákveðnum málum, m.a. því að það þykir orðið sjálfsagt að tónskáld og aðrir listamenn mæti sem sérfræðingar í viðtöl án þess að fá greitt fyrir. Spurt var hvort RÚV gæti t.d. sett þær reglur að verktökum á vegum stofnunarinnar væri skylt að fara að kjarasamningum þegar þeir kölluðu til sín fagfólk með þessum hætti. Svárið var að dagskrárgerðarmenn, sem oftast eru verktakar, fá ákveðið fjármagn til framleiðslunnar og það er ekki bundið neinum kvöðum. Þeir geti ráðstafað því að vild og þetta fordæmi hafi skapast þannig. Engin haldbær lausn á málinu var nefnd önnur en sú að auka þyrfti fjármagn og það væri ekki í farvatninu. Með lökkun útvarpsgjalds er niðurskurður til RÚV á þessu ári 450 milljónir. Menntamálaráðherra nefndi í samtali síðar í vikunni að núverandi ríkisstjórn myndi veita 175 milljónum aukalega til RÚV, en BÍL benti á að þetta væri einungis leiðrétting á þeim niðurskurði sem RÚV verður raunverulega fyrir með lökkun útvarpsgjaldsins. Útvarpsstjóri benti auk þess á að

Þjóðin væri ekki mótfallin útvarpsgjaldinu, sem hljóðaði upp á tæpar 20 þúsund krónur á mann fyrir lækkun, en er nú tæpar 17 þúsund krónur. Þetta er peningur sem fólkið í landinu munar lítið um, en stofnunina munar verulega um þetta fjármagn. Frá síðustu áramótum fékk samtímatónlist þó nokkuð pláss á dagskrá RÚV í vönduðum þáttum Höllu Oddnýjar Magnúsdóttur, Stefnumót við tónskáld og þáttum Hjálmars H. Ragnarssonar, Tónskáldin með eigin tónum og Tónskáldin með eigin orðum. Sjálfsagt er að hrósa fyrir það sem vel er gert, en einnig að benda á að nauðsynlegt sé að þessum góðu verkefnum verði fylgt eftir og áframhald verði á. Auk þess voru upptökur frá Myrkum músíkdögum með svipuðu sniði og í fyrra. Markmið formanns er samt sem áður að funda mjög fljótlega með útvarpsstjóra á eigin vegum, en einnig dagskrárstjóra Rásar 1 til að koma okkar málum frekar áleiðis innan stofnunarinnar.

Hátíðir, norrænt og alþjóðlegt samstarf

Í lok september fór ég til Kaupmannahafnar á Norræna músíkdaga, fund Norræna tónskáldaráðsins og ráðstefnu alþjóðlega tengslanetsins N:XT STEPS, sem haldin var af Markaðsskrifstofu danskrar samtímatónlistar, SNYK. Þaðan hélt ég beint til Ljubljana í Slóveníu á ráðstefnu og tónlistarhátíð ISCM. ISCM 2016 var síðan haldið aðeins hálfu ári síðar í Kóreu, en ég hafði ekki tók á að mæta þangað vegna barneigna og veitti fulltrúa Finnlands umboð til að nýta atkvæðsrétt fyrir mína hönd. Mér þótti ástæða til að aðild Íslands að ISCM yrði tekin til umræðu innan félagsins og verður hún því rædd hér undir sérstökum dagskrárlíð.

Norrænir músíkdagar verða hýstir á Íslandi í ár og verður hátíðin haldin dagana 29. september - 1. október í Hörpu. Undirbúningur fyrir þá hátíð fór af stað samhliða undirbúningi fyrir Myrka músíkdaga á síðasta ári. Guðný Guðmundsdóttir var ráðinn listrænn stjórnandi og Fjóla Dögg Sverrisdóttir framkvæmdastjóri. Guðný er stofnandi Tónlistarhátíðar unga fólksins sem haldin hefur verið í Kópavogi frá árinu 2008 og saman stofnuðu þær Cycle festival sem haldin var í fyrsta skipti í fyrra og tókst með miklum ágætum. Guðný er menntaður fiðluleikari og er að ljúka tónlistarfræðinámi en Fjóla er blásarakennari, viðskiptafræðingur og lýkur meistaranámi í verkefnastjórnun frá HR nú í vor. Fjármögnunarferlið fyrir Norræna músíkdaga fór af stað með fullum þunga sl. haust og hefur gengið mjög vel. Megnið af fjármagninu kemur því frá erlendum sjóðum og fyrirséð að útvega þarf það fjármagn sem upp á vantar hér heima. Sú vinna er í fullum gangi.

Það sem ekki hefur komist til framkvæmda af því sem samþykkt var á síðasta aðalfundi færist yfir á næsta tímabil. Má þar nefna að skipa starfshóp til að gera aðgerðaráætlun um mál er varða okkar hagsmuni innan þeirra stofnana ríkisins sem sinna tónlist, þ.e. RÚV, Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Íslensku óperunnar o.fl. Eins og fram hefur komið hér hafa nokkur mál komið upp sem nauðsynlegt var að grípa inn í strax, sem var og gert og ekki gefist tími til að koma öllum málum til framkvæmda. Það er þrátt fyrir allt mat formanns að mjög vel hafi gengið þetta fyrsta starfsár nýrrar stjórnar, stjórnarsamstarfið verið mjög gott og markmiðið skýlaust að gera enn betur á næsta starfsári.

Næsta starfsár verður mjög viðburðaríkt með Norræna músíkdaga yfirvofandi á haustmánuðum og svo Myrka músíkdaga 2017 aðeins örfáum mánuðum síðar. Unnið verður eftir fremsta megni að baráttumálum samhliða hátíðahöldum.